



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á Degi verkfræðinnar
7. apríl 2017**

Ágætu verkfræðingar,
aðrir góðir gestir

Sú var tíð að ég sat á skrifstofu minni í Árnagarði, „musteri íslenskra fræða“ eins og húsið hefur verið kallað, og horfði öfundaraugum yfir Suðurgötuna, yfir til starfssystkina minna í Háskóla Íslands í VR I, II og III, yfir til verkfræðinganna og alls hins raunvísindafólksins. Árum saman hafði verið keppst við það í heimi hugvísindanna að endurskoða og efast, búta niður og afbyggja. Öll frásögn var víst bara framsetning þess sem í hlut átti, sannleikshugtakið farið veg allrar veraldar og staðreyndir með, í staðinn var allt bara sjónarhorn, afstætt. Og kennivaldið hvarf um leið. Hvernig gátum við haldið því fram að við vissum betur í krafti okkar fræða ef viðurkennt var að gætum ekki sagt neitt algilt um samtíma okkar og fortíð?

Þá hlaut þeim nú að líða betur, kollegum mínum í raunvísindunum handan götunnar. Þar var einn plús einn áfram tveir – ekkert sjónarhorn eða afbygging þar. Þar var lotukerfið óhaggað – póstmóðernistarnir höfðu ekki umbylt því (og ég hef ekki tíma til að skilgreina eða útskýra póstmóðernisma hér, það hefur verið reynt í rúma hálfu öld og miðar hægt). Og þarna handan Suðurgötunnar skipti engu máli hver stundaði fræðin, hver setti efnin saman í tilraunaglasinu, niðurstaðan var alltaf sú sama. Með öðrum orðum: Raunvísindin lifðu, leiðin frá merkilegri tilgátu með mikilvægri rannsókn til óvefengjanlegrar niðurstöðu.

Hver veit nema þessar hugsanir hafi leitað á mig um leið og ég fletti upp í gögnum mínum um fyrsta verkfræðing landsins og fyrsta landsverkfræðinginn, Sigurð Thoroddsen. Og hver veit nema manni hafi þá orðið ljóst að þessi meinta paradís raunvísindanna var tálsýn. „Jeg er orðinn hálfleiður,“ skrifaði Sigurður einum bræðra sinna vorið 1904, starfið væri annasamt „og svo fær maður ekkert nema vanþökk fyrir“.

Hvarvetna þættust menn vita betur þegar verkfræðingurinn mætti með sína útreikninga og teikningar; nei, hér þyrfti enga sérþekkingu, námsgráður eða próf! Almenn skynsemi, þekking og hyggjuvit heimamanna dygði mætavel. Það segir einmitt sína sögu að eitt lífseigasta skammaryrði okkar Íslendinga síðustu áratugi er hugtakið „sérfræðingur að sunnan“. Og kannski muna eldri verkfræðingar beinskeytt kvæði Dags Sigurðarsonar, náfrænda landsverkfræðingsins, sem hljómar svo: „Raun vísinda / stofnun Háskóla Íslands.“

Auðvitað ýki ég þá mynd sem við hugvísindafólkið gátum leyft okkur að hafa af ykkur verkfræðingum og öðrum á sviði raunvísindanna. Auðvitað veit ég líka að þið sem eruð í verkfræði og skyldum greinum takist á um rannsóknir, aðferðir og niðurstöður; og sömuleiðis að fólk ber ekki ótakmarkaða virðingu fyrir niðurstöðum ykkar og ályktunum.

Það er gott, það er vel. Tálsýnin um hin óskeikulu raunvísindi sem ég lýsti áðan er í raun geigvænleg. Rannsóknir, vísindi og framfarir í heiminum hljóta að byggjast á efahyggju, tortryggni í garð viðtekinnna skoðana og vissu fálæti í garð valdhafa og ráðandi afla, líka þeirra sem vinna innan vísindasamfélagsins. Enginn skyldi setja sig á háan hest í krafti náms og prófgráða einna saman.

Nei, sönn vísindi byggjast á skoðanafrelsi og víðsýni, fordómaleysi og umburðarlyndi. En þau byggjast líka á því að fólk virði muninn á réttu og röngu, fallist á grundvöll allrar þekkingarleitar – að spyrja, rannsaka og álykta – og viðurkenni að kunnátta, fræðsla og lærdómur skiptir máli. Því miður virðast sífellt fleiri í heiminum í dag draga mikilvægi sérfræðiþekkingar í efa. Í þeim hópi eru gjarnan stjórnámálmenn og álitsgjafar og aðrir sem vilja hafa áhrif í ys og þys samtímans. Þeir gera þá lítið úr akademíunni einangruðu og segja hana til óþurftar almenningi, alþýðunni, fólkinu sem eigi ekki að láta sérfræðingana svokölluðu segja sér fyrir verkum. Sérfræðingar búi í bergmálsherbergi eða fílabeinsturni.

Við þurfum að standa vörð um vísindin, ekki með valdboði og ekki með menntahroka, heldur með því að láta verkin tala, leyfa ólíkum, rökstuddum sjónarmiðum að heyrast, vera opin fyrir nýjungum, komast á hugarflug, miðla rannsóknum og niðurstöðum. Þannig munu vísindin halda velli. Það var fyrir um fimm hundruð árum að lýðræði og veraldarhyggju, upplýsingu og vísindabyltingu óx ásmegin en einræði, trúarkreddur og viðjar vanans tóku að láta undan. Þetta helst allt í hendur. Þetta er allt í okkar höndum.

Góðir áheyrendur: Af þessum sökum er dagur verkfræðinnar svo mikilvægur. Hér er þekkingu miðlað. Hér mun hver sérfræðingurinn á fætur öðrum kynna rannsóknir sínar og niðurstöður, með hag samfélagsins í huga. Hér verður gaman að vera.